

**Sp. 155. Tillaga til þingsályktunar [93. mál]**

um ráðstafanir til lækkaðrar dýrtíðar.

Flm.: Hannibal Valdimarsson, Gylfi Þ. Gíslason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leita þegar samninga um lækkað verðlag við Samband íslenskra samvinnufélaga, Verzlunarráð Íslands, Samband smásöluverzlana, Eimskipafélag Íslands, Félag íslenskra iðnrekenda, Sláturfélag Suðurlands, Stéttarsamband bænda og aðra hliðstæða aðila, sem áhrif geta haft á verðlag í landinu, og freista þess að fá þá til að lækka alla álagningu í heilðsölu og smásölu og gera ráðstafanir til að draga úr hvers konar milliliðakostnaði, sem nú á þátt í hærri verðlagi en brýn nauðsyn krefst.

Skal í samningum þessum lögð höfuðáherzla á, að verðlagi sé haldið eins lágu og mögulegt er á öllum helztu nauðsynjavörum landsmanna.

Kostað sé kapps um, að samningum þessum geti verið lokið fyrir næstu áramót.

**Greinargerð.**

Þegar myндуð var ríkisstjórn í Finnlandi fyrir skemmstu, var það eitt af aðalatriðunum í stefnuyfirlýsingu stjórnarinnar, að hún ætlaði sér að leita ýmissa úrræða til að lækka verðlag í landinu með frjálsum samningum við þá aðila, sem áhrif hafa á verðlagið.

Um líkt leyti, og þó nokkru fyrr, hófst norska stjórnin, undir forustu Óskars

Torp forsætisráðherra, handa og byrjaði samninga við forustumenn 15 áhrifamikilla félagasamtaka í verzlun, iðnaði og landbúnaði um, að þeir skyldu þegar gera allar tiltækar ráðstafanir til að draga úr hvers konar kostnaði við framleiðslu og dreifingu nauðsynjavara. Samtímis hreyfði forsætisráðherrann málinu í Stórþinginu og fór þess á leit við alla stjórnmalaflokkana, að þeir styddu stjórnina á hvern þann hátt, er þeir gætu, í viðleitni hennar við að þrýsta verðlaginu niður án þess að heita höftum eða lögbundnum verðlagsákvæðum. Hlaut sú málaleitun forsætisráðherrans einróma undirtektir, og hétu allir flokkarnir stjórninni fyllsta stuðningi sínum í þessu máli. Hafði forsætisráðherrann sjálfur forgöngu um samningana, og tilkynntu blöðin skömmu síðar, að samkomulag hefði þegar náðst um lækkað verðlag á ýmsum vörutegundum. — Fyrsti árangurinn var stórfelld lækking á unnum kjötvörum.

Lítur þannig út fyrir, eftir seinustu fréttum að dæma, að þessi leið í dýrtíðarmálunum ætli að gefast ágæta vel í Noregi, og virðist því sjálfsagt að reyna hana einnig hér.

Verðlag hér á landi hefur farið hækkandi þrátt fyrir heldur lækkandi verðlag á heimsmarkaðinum seinustu 12—18 mánuðina. Einkum hefur verð hækkað allískyggilega í haust, bæði á vörum og þjónustu. Getur ekki hjá því farið, að slíkum verðhækkunum fylgi almenn hækkun kaupgjalds og embættislauna. Og vist er um það, að haldi verðlag áfram að hækka, hlýtur það innan stundar að valda atvinnuvegunum vaxandi erfiðleikum og gæti jafnvel gert þá ósamkeppnishæfa á erlendum mörkuðum.

Hér er því full ástæða til að stinga við fótum, og með einhverjum ráðum verður að koma í veg fyrir verðhækkunir hér á landi, þegar verðlag fer lækkandi í viðskiptalöndum okkar.

Þegar ekki eru í gildi lögskipuð verðlagsákvæði, er ábyrgðin í verðlagsmálum í rauninni lögð á herðar kaupsýslumönnum og atvinnurekendum. Ef þeir reynast ekki þeirri ábyrgð vaxnir, er varla um annað að ræða en að hverfa að ströngum verðlagsákvæðum á ný. Það væri þó ánægjulegra að öllu leyti, ef unnt reyndist með frjálsum samningum að halda verðlagi á vörum og þjónustu innan hóflegra takmarka.

Nokkur innlend reynsla styður líka þá skoðun, að rétt sé að reyna hina frjálsu samningaleið, áður en lagaboði er beitt í verðlagsmálum. Er hér átt við samningana um lausn vinnudeilunnar miklu í desember 1952. En þeir samningar leiddu til verulegrar verðlækkunar á ýmsum nauðsynjum og mörkuðu raunar gleðileg tímamót í dýrtíðarmálunum hér á landi.

Einn liður í því samkomulagi var sá, að Samband ísl. samvinnufélaga, Samband smásöluverzlana og Verzlunarráð Íslands skuldbundu sig til vissrar hámarksálagningar á nokkrum tegundum álnavöru svo og á búshöldum og leir- og glervöru. Vegna þessarar skuldbindingar var innflytjendum gert að skyldu að skila verðútreikningum yfir hinar samningsbundnu vörutegundir, og hefur verðgæzlan síðan fylgt með verðinu.

Skýrir verðgæzlustjóri svo frá í seinustu skýrslu sinni, að athugaðar hafi verið á árinu 1953 60 vefnaðarvörusendingar með samningsbundinni álagningu. 51 þessara sendinga var flutt inn af heildsölum og 9 sendingar beint af smásölum. Reyndist meðalheildsöluálagning fyrrnefndu sendinganna 9.8% og meðalálagning á 9 síðarnefndu sendingarnar 27.9%. Einnig voru athugaðar 20 sendingar af vefnaðarvöru á skilorðsbundnum frilista, með samningsbundinni álagningu. Voru þær allar innfluttar af heildsölufyrirtækjum, og reyndist meðalálagningin á þær 10.5%. Smásöluálagning á þessar sendingar var athuguð í 19 tilfellum, og reyndist hún vera 27.9% að meðaltali. Enn fremur voru athugaðar 10 sendingar af ullarefnum, allar innfluttar af heildsölum með samningsbundinni hámarksálagningu, og reyndist meðalálagningin 10.4%. Álagning á þessar vörur var athuguð í 6 tilfellum, og var meðalálagningin 24.6%.

Af búshöldum og leir- og glervörum voru athugaðar 17 sendingar með samningsbundinni álagningu. 10 þessara sendinga voru innfluttar af heildsölum, en 7 af smásölum. Á þeim 10 sendingum, sem innfluttar voru af heildsöluþyrtingum, reyndist meðalheildsöluálagningin vera 19.3%. Smásöluálagning á þessar 10 sendingar var athuguð í 6 tilfellum, og reyndist meðalálagningin vera 36.5%. Álagningin á þær 7 sendingar, sem innfluttar voru beint af smásölum, reyndist vera 57.7%. Af alúminíum-búshöldum, innfluttum af heildsöluþyrtingum, voru athugaðar 4 sendingar, og reyndist meðalálagningin vera 10.1%. Smásöluálagning var athuguð í tveimur tilfellum og reyndist vera 32.0%.

Af ósamningsbundnum vefnaðarvörum voru á sama hátt athugaðar 60 sendingar á árinu 1953. Voru 46 sendinganna fluttar inn af heildsöluþyrtingum, en 14 af smásöluverzlunum. Reyndist meðalheildsöluálagningin á fyrrnefndu sendingarnar vera 17.7%, en meðalálagning á 14 síðarnefndu sendingarnar 44.5%. Munar þannig miklu, hversu hin ósamningsbundna álagning er hærri en á þeim vörum, sem lúta umsaminni hámarksálagningu síðan haustið 1952.

Þessi reynsla vísar veginn. Mætti áreiðanlega lækka dýrtíðina til mikilla muna, ef ríkisstjórnin gengi af dagnaði til slíkra samninga og boðaði strangt efiirlit og lögboðin verðlagsákvæði, ef frjálsir samningar bæru ekki tilætlaðan árangur. — Vissir þættir dýrtíðarinnar verða að vísu alls ekki kveðnir niður með lagaboði, hversu vel sem því væri framfylgt. Þess eðlis er t. d. húsaleiguokrið, þar sem það er verst. Gegn því dugir ekkert nema stóraukið íbúðarhúsnæði.

Ríkisstjórnin hefur góða aðstöðu til samninga við flesta þá aðila, sem nefndir eru í þessari tillögu. En ef sú aðstaða verður ekki notuð til þess að knýja niður verðlag í landinu, er alveg víst, að ný verðhækkunar- og kauphækkunarlöggættir skellur yfir, áður en langt um líður. Verkfræðingadeilan ætti fyrir löngu að vera búin að saunfæra ríkisstjórnina um það, að mikil hækkun launa samkvæmt launalögum er óumflýjanleg að öllu óbreyttu. Mikil og almenn verðlækkun gæti ein gert það vandamál nokkru auðleystara.

Það er að mestu undir dagnaði og einbeittum vilja ríkisstjórnarinnar komið, hvaða árangur verður af þessari tillögu. Hitt er engum vafa bundið, að tillagan bendir á affarasæla og vel færa leið í dýrtíðarmálunum. Verði tillagan felld og leið hinna frjálsu samninga ekki reynd, verður áreiðanlega ekki komið hjá mikilli hækkun launa samkvæmt launalögum og almennum kauphækkunum samkvæmt stéttarfélagasamningum.

Það má því segja, að enn þá eigi ríkisstjórnin kost á því að velja um leiðir í verðlags- og kaupgjaldsmálum, en óvist er, að tækifærið biði lengi við dyr stjórnarráðsins, ef því verður engu sinnt.